



Formaður VR
Formaður Landssambands ízl. verzlunarmanna
Formaður Rafiðnaðarsambandsins

Sæl Halla, Eiður og Jakob,

ég þakka erindið sem við tókum mjög alvarlega.

Óstöðugleiki, verðbólga og háir vextir eru viðvarandi vandamál í íslensku þjóðfélagi. Gríðarlegur tími, fjármunir og orka fer í kjarasamninga og átök á vinnumarkaði sem skilar engri verðmætasköpun en viðheldur óviðunandi stöðu.

Að hluta er þetta afleiðing þess að það eru alltof margir samningsaðilar. Stóru stéttarfélagin eins og VR gera ábyrga samninga fyrir hönd tugþúsunda félagsmanna en svo koma ótal önnur stéttarfélag á eftir og ætla að fá allt það sama og VR hefur samið um og svolítið í viðbót sem stóru stéttarfélagin reyna svo að sækja í næstu samningum.

SA gera kjarasamninga við 115 stéttarfélag og í heild eru gerðir um 250 kjarasamningar í landinu. Það eru allt niður í 2 félagsmenn í stéttarfélagi sem gerir sér kjarasamning. Á meðan þetta er óbreytt þá mun ekkert breytast í þessum vítahring sem við erum í. Ég tel það hagsmuni launþega að, með sama hætti og sveitarfélögum hefur fækkað, þá verði með einhverjum hætti samningsaðilum fækkað.

Varðandi stöðuna hér og nú þá er hún óvenjuleg. Stríðsátök erlendis hafa hækkað verð á olíu, gasi og ótal fleiri vörum á Íslandi eins og annars staðar. Ég veit ekki hvort það hefur verið greint en ætla má að 2-3% af núverandi verðbólgu sé „innflutt“ verðbólga sem hefur ekkert með íslenskt efnahagslíf að gera. Það er orðinn samdráttur innanlands og ég tel það mistök hjá SI að hækka vexti við þessar aðstæður. Varla viljum við skapa verulegan samdrátt innanlands út af aðstæðum erlendis.

Mörg undanfarin ár hefur SS hækkað vöruverð minna en verðlag og minna en keppinautar. Og er svo komið að sumar vörur okkar eru ódýrari en vörur keppinauta sem ekki var áður.

Frá áramótum þá hafa plastumbúðir hækkað um 16-30%, flutningskostnaður aukist um 15%, Önnur rekstrarvara hækkað um 5-15% og laun hækkað um 5,3%. Áætluð hækkun til bænda er 3-4%.

Þrátt fyrir þetta hefur SS ekki hækkað verð frá því í janúar, til að mæta þessum kostnaðarhækkunum, fyrr en með árlegri haustverðbreytingu upp á 3-5% sem nú hefur verið kynnt.

Sum fyrirtæki þ.m.t. smásöluaðilar hafa kynnt methagnað en SS ekki. Afkoma okkar fyrstu 6 mánuði ársins versnaði um 16% og er því sannarlega hægt að segja að SS hafi lækkað framlegðarkröfu sína og áætlað að svo verði áfram, þó að þessar verðhækkanir eigi sér stað, og gildir þá um gildistíma kjarasamningsins þó ekki sé endilega hægt að gefa út sérstaka skuldbindingu um slíkt.

Varðandi markmið SS um þróun verðlags þá er það því miður ekki svo að SS stýri verðlagi í landinu og höfum því ekki markmið um þróun verðlags en í áætlunum okkar þá er miðað við verðlagsbreytingar sem SI gefur út.

Vélvæðing, hagræðing ofl. er grundvöllur framleiðslukostnaðar sem hefur svo aftur áhrif á verðlagningu. SS er í mjög harðri samkeppni við bæði innlenda og erlenda aðila og það ásamt þeirri stefnu sem við höfum sýnt með ábyrgri verðlagningu undanfarin ár tryggir að lækkun kostnaðar skili sér til neytenda.

Við kunnum að meta frumkvæði ykkar í að stuðla að stöðuleika og vonum að fleiri skref verði tekin, sem skipta máli til lengri tíma, sbr. ábendingu um fjölda samningsaðila.

Við treystum því að með sama hætti verði aðrir aðilar á markaði í framleiðslu og smásölu hvattir til að taka á með okkur öllum. Það er ekki nóg að smásalar leggist á birgjana sína heldur þurfa þeir að minnka sína framlegð.

SS mun afturkalla verðhækkun á öllum vörum í smásölu sem áttu að taka 3% hækkun, sem eru flestar þær vörur frá okkur sem finna má í verslunum, og fresta þeirri hækkun fram í janúar. Kryddað lambakjöt í smásölu sem átti að taka 5% hækkun munum við lækka niður í 3% einnig fram í janúar. Áætlaður kostnaður SS vegna þessa frá sept-des 2026 er 85-110 mkr.

Við vonum að þetta sé lóð á vogarskál stöðugleika.

Virðingarfyllst,

f.h. Sláturfélags Suðurlands svf.



Forstjóri